

**168. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn
29. apríl 2026 og hófst hann kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Halldóra Björk Norðdahl formaður, Valur Richter varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður og Þorvaldur Óli Ragnarsson aðalmaður.

Embættismenn:

Erla Margrét Gunnarsdóttir, Skipulags- og umhverfisfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Erla Margrét Gunnarsdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

Dagskrá:

1. Life - Icewater 2025-2030 - 2025020024

Lagðar eru fram niðurstöður örútboðs í ráðgjafabþjónustu fyrir LIFE ICEWATER-verkefnið. Lagt er fram til samþykktar að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, og að málinu verði vísað til bæjarráðs til umfjöllunar og jafnframt til bæjarstjórnar til samþykktar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til að samið verði við lægstbjóðanda á grundvelli niðurstöðu örútboðsins og vísar málinu áfram til bæjarráðs til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.

2. Minningarreitur v Urðarveg, áður Seljalandsvegur 64a - 2026030298

Lögð fram fyrirspurn dags. 5. mars 2026 frá Önnu Karen Kristjánsdóttur ásamt tölvupósti dags. 7. apríl 2026, þar sem óskað er eftir leyfi til að setja niður minningarbekk núna í vor og minningarplatta í haust við Urðarveg, áður Seljalandsveg 64a.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd fagnar erindinu og samþykkir beiðni um minningarbekk og platta við Urðarveg.

3. Vatnaskil í Þjóðlendumálum - 2026040145

Lagður fram tölvupóstur til kynningar, frá Forsætisráðuneytinu, dags. 16. mars 2026 vegna vatnaskila í Þjóðlendumálum óbyggðanefndar.

Þau tímamót urðu í desember 2025 að óbyggðanefnd kvað upp síðustu úrskurði sína. Nefndin lauk þar með verkefni sínu, sem hófst 1998, að fjalla um mörk Þjóðlenda og eignarlanda á landinu öllu.

Lagt fram til kynningar.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2026 - 2026010014

Lögð fram til kynningar umsagnabeiðni frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 24. apríl 2026, þar sem

umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 595. mál - Loftslagslög. Umsagnir skal senda í gegnum umsagnagátt Alþingis.

Frestur til að senda inn umsögn er til og með 8. maí 2026.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "TMT", "BOR", "HBU", and "EMF".

Lagt fram til kynningar.

5. Ályktun fulltrúarfundar Skógræktarfélag Íslands 2026 - 2026040244

Lögð fram til kynningar, ályktun frá fulltrúarfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var 28. mars 2026.

Lagt fram til kynningar.

6. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2026 - 2026010014

Lögð fram til kynningar umsagnabeiðni frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 26. mars 2026, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 565.mál - verndar- og orkunýtingaráætlun (vindorka og verndarflokkur). Umsagnir skal senda í gegnum umsagnagátt Alþingis. Frestur til að senda inn umsögn var til og með 14. apríl 2026.

Lagt fram til kynningar.

7. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2026 - 2026010014

Lögð fram til kynningar umsagnabeiðni frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 30. mars 2026, þar sem umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 582. mál - Einföldun regluverks og aukin skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits). Frestur til að senda inn umsögn var til og með 16. apríl 2026.

Lagt fram til kynningar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd bókaði á 165. fundi nefndarinnar sem haldinn var 11. febrúar 2026, á fyrri stigum málsins að nefndin teldi ljóst að breytingarnar munu hafa áhrif á landsbyggðina og fól skipulags- og umhverfisfulltrúa að senda inn umsögn. Umsögn skipulags- og umhverfisfulltrúa var send inn 17. febrúar 2026.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00



Halldóra Björk Norðdahl




Valur Richter



Þóra Marý Arnórsdóttir



Þorvaldur Óli Ragnarsson



Erla Margrét Gunnarsdóttir